

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Austur-Héraðs 2002-2017.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 8. október 2007 staðfest breytingu á aðalskipulagi Austur-Héraðs frá 10. júlí 2002.

Breytingin felst í breyttri landnotkun á svæði við Lagarás 2-12 sem breytist úr íbúðarsvæði í miðsvæði með íbúðum og að svæðin við Tjarnarbraut 1 og 3 og við Selás 1 breytast úr íbúðarsvæði í miðsvæði.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun yfirfarið erindið og sent ráðherra til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 8. október 2007.

F. h. r.

Sigríður Auður Arnardóttir.

Logi Kjartansson.

B-deild – Útgáfud.: 24. október 2007